

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 43/2012

2012/EES/43/10

frá 30. mars 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/72/ESB frá 14. september 2011 um breytingu á tilskipun 2000/25/EB að því er varðar ákvæði um dráttarvélar sem settar eru á markað samkvæmt sveigjanleikaáætluninni ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 254, 30.9.2011, bls. 22.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/87/ESB frá 16. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun 2000/25/EB að því er varðar beitingu áfanga er varða losun dráttarvéla með litilli sporvidd ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 29. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

- „– **32011 L 0072:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/72/ESB frá 14. september 2011 (Stjtið. ESB L 246, 23.9.2011, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 254, 30.9.2011, bls. 22,
- **32011 L 0087:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/87/ESB frá 16. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 301, 18.11.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2011/72/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 254, 30.9.2011, bls. 22, og 2011/87/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 246, 23.9.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 301, 18.11.2011, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.